

Börn sem búa við ofbeldi á heimilum

Opið allan sólarhringinn
Símanúmer: 561 1205
www.kvennaathvarf.is

Símanúmer skrifstofu

Samtaka um kvennaathvarf:

561 3720 og 561 3740

www.kvennaathvarf.is

Baklingur þessi er gefinn út af Samtökum um kvennaathvarf.
Höfundur texta er Vilborg G. Guðnadóttir hjúkrunarfræðingur
en endurskoðun og umsjón annaðist Dyrfa Snædal.



Börn sem búa við ofbeldi

Til að börn nái að þroskast og vaxa sem sterkir, jákvæðir einstaklingar í þokkalegri sátt við sjálfa sig og umhverfið, þurfa þau heimili þar sem hlúð er að alhliða þroska þeirra, líðan og tilfinningum. Það er fyrst og fremst á heimilum sem grunnur lífshamingunnar er lagður og þar hafa foreldrarir mest áhrif.

Börn hafa ákvæðnar grunnþarfir sem nauðsynlegt er að sinna eigi vel að takast til. Þessar þarfir eru m.a.:

- Líkamleg umönnun; fæði, klæði, húsaþjóf, hvíld og vernd gegn hættum.
- Tilfinningalegt atlæti; snerting, blíða, huggun, virðing, aðdáun, þolinmæði, hvatning og örvun.
- Jákvæð samskipti við fullorðna sem eru færir um að leiðbeina og nota réttlátan aga mótaðan af kærleika og umburðarlýndi.
- Skýrar reglur og stöðugleika í umhverfinu.

Börn sem búa við ofbeldi á heimilum eiga á hættu að fá ekki þessum grundvallarþörfum fullnægt. Þau fara heldur aldrei varhluta af því margvíslega álagi sem fylgir ofbeldi. Margir foreldrar í ofbeldissamböndum telja að þeim takist að halda börnum sínum fyrir utan ofbeldið - en svo er þó ekki í raun. Foreldrum verður oft brugðið þegar þeir komast að því að börn þeirra eru fær um að lýsa ofbeldinu, jafnvel í smátriðum, og að þau eru orðin sérfræðingar í líðan og viðbrögðum foreldra sinna. Í rannsóknunum hefur margoft komið fram að börn þurfa hvorki að verða sjálf fyrir ofbeldinu, né verða beint vitni að því, til að þjást. Óbein þátttaka hefur einnig alvarlegar afleiðingar t.d. ef barnið er í öðru herbergi og heyrir og skynjar hvað er að gerast. Einnig er barnið oft vitni að afleiðingum ofbeldisins, horfir e.t.v. upp á hamslausan föður, niðurbrotna móður, fulla af ótta og kvíða og mögulega með áverka, sér e.t.v. brotna hluti eða gæluðyr sem hefur verið fargað. Ofán á bætist síðan álagið við að búa á heimili sem stöðugt er hlaðið spennu og enginn veit hvað næsti dagur ber í skauti sér.

Áhrif ofbeldis á börnin er komið undir ýmsum þáttum; tegund þess og tíðni og hvort þau búi við nægilegan stöðugleika í umhverfinu varðandi búsetu, skólagöngu og vinatengsl.

Aldur, kyn og þroskastig barnanna hefur einnig áhrif og sömuleiðis skiptir máli hvaða hlutverki þau gegna í fjölskyldum sínum.

Afleiðingar þess að búa við ofbeldi á heimili:

Hjá kornabörnum (0-1 árs) eru afleiðingar af ofbeldi á heimilum þær helstar að grunnþörfum barnanna er ekki sinnt. Það sést gjarnan sem truflun á líkamsþroska, svefni og skorti á hreinlæti. Það vantar nauðsynlegan stöðugleika og reglufestu í líf þeirra og þau verða öryggislaus. Þau fá ekki næga andlega örvun og tilfinningaþroskinn hægir á sér. Oft eru þessi börn ranglega metin sem einstaklega „þæg og góð“ þar sem örvunarleysið getur valdið því

Börn sem búa við ofbeldi eiga á hættu að fá ekki grunnþörfum fullnægt

að þau gera litlar kröfur og liggja gjarnan langtínum saman þöglu og hljóð. Nokkuð er einnig um það að kornabörn í fangri móður lendi á milli og verði því „óvart“ fyrir höggum sem áttu að lenda á móður.

Á smábarnaaldrinum (2-5 ára) sést einnig truflun á líkamsþroska og önnur einkenni eins og að framan getur. Hjá börnum, sem búa við ofbeldi í þessum aldursþöpi, eru oft nokkuð áberandi ýmsir skapgerðar- og hegðunar-erfiðleikar þar sem þau ná hvorki að mynda eðlileg tengsl við fullorðna né önnur börn. Þau geta verið árásaðgörn, hávær, fyrirferðarmikil og með skemmdarýsni eða sinnlaus, dofin og ósjálfstæð.

Foreldrarir eru sjálfir meira og minna undirlegðir af vanlíðan og spennu og standast því illa það álag sem umönnun ungra barna er. Því er hætt á að börnin verði verulega vanrækt. Oft er allt látið eftir börnunum á heimilinu til að halda friðinn og þau verða þannig markalaus og læra ekki eðlileg samskipti.

Á skólaaldrinum líta börn á foreldrana sem aðalfrimmyndir sínar og hafna yfir gagnrýni. Þau læra helst af því sem þau sjá og skynja en minna af því sem sagt er við þau. Á þessum aldri er algengt að þau telji ofbeldið sér að kenna og reyni því eins og hægt er að vera góð, þannig að ástandið lagist. Þegar engin breyting verður, þá fyllast þau vonleysi, sektarkennd og kvíða. Þau þjást oft í þögn og ofbeldið verður hluti af daglega lífinu og vel varðveitt leyndarmál. Sum þeirra bera ofurábyrgð á heimilum sínum m.a. gagnvart yngri systkinum, mæðurnar treysta gjarnan á dugnað þeirra og þau verða jafnvel einu trúnaðarvinir vansælla mæðra sinna.

Börnin koma síðan með vanlíðanina í skólann þar sem hún kemur fram með ýmsu móti. Þau eiga erfitt með að skilgreina eigin mörk og annarra en það getur valdið ýmsum samskiptærfiðlekum. Einnig hafa þau oft slaka færni í að

Á skólaaldri eiga börn erfitt með að skilgreina og tjá tilfinningar sínar eða orða vanlíðan sína með öðru en líkamlegum kvörtunum

leysa ágreining sem bæði getur leitt til þess að þau verða annað hvort óvenjulega árásgjörn eða illa fær um að verja sig. Þessi börn eiga því oft í erfiðlekum með að sýna viðeigandi hegðun og geta því orðið afbrigðileg í augum umhverfisins, en það býður ýmsum hættum heim í hinum harða heimi skólasamfélagsins. Áhyggjur og kvartanir frá skólanum berast gjarnan heim og getur það gert spennuna á heimilunum enn magnaðri og börnin enn vansælli, sé ekki vel og vandlega haldið á málum.

Á þessum aldri eiga börn erfitt með að skilgreina og tjá tilfinningar sínar eða orða vanlíðan sína með öðru en líkamlegum kvörtunum. Algengt er að börnin kvarti undan höfuð- og/eda magaverkjum ásamt ýmsum öðrum óljósum líkamlegum kvörtunum. Það er mikilvægt að hinir fullorðnu séu opnir fyrir skilaboðum þeirra, minnug þess að ofbeldið er eitt best faldað leyndarmál þessara barna.

Unglingsaldurinn getur verið erfiður fyrir þau sem búa við ofbeldi. Það sem fram hefur komið um börn á skólaaldri á einnig við um unglिंगa en þeir eru ennfræmur í sérstakri áhættu á öðrum sviðum. Á þessum aldri eiga sér stað miklar breytingar á proska og tilfinningum og veitist mörgum unglिंगum ærið verkefni að fást við þær þó ekki komi til ofbeldi. Unglingar sem búa við

ofbeldi eiga oft í töluverðum tilfinningalegum erfiðlekum þar sem þeir lífa í skugga skammar sektar, vonbrigða og niðurtægingar. Þeir ala oft þá von í brjósti, að einhver komi og bjargi þeim. Þeir sveiflast á milli vonar og vonleysis. Annað hvort finnst þeim að nú sé ástandið að lagast eða þá að tilfinningin um að hafa litla sem enga stjórn á eigin lífi gerist áleitin. Á unglingsaldri hefst tímaþil kynferðislegar aðlögunar þar sem unglिंगarnir falla gjarnan inn í þann farveg sem þeir þekja fyrir, bæði varðandi kynhlutverk og samskipti. Unglingar sem búa við ofbeldi á heimilum sínum geta verið illa staddir þarna og átt í töluverðum erfiðlekum með að sama-

sama sig í félagshópi. Sumir taka upp andfélagslega hegðun, aðrir geta orðið ofurábyrgir fyrir fjölskyldum sínum og eins er ekki óalgengt að þeir lokist inni í sjálfum sér. Þeir sveiflast gjarnan á milli ástar og haturs á foreldrum sínum og á milli vonar og vonleysis varðandi ástandið. Þeir eiga að geta sótt bæði öryggi og andlega næringu til foreldra sinna en fá jafnvel hvorugt.

Í könnunum hefur komið í ljós, að ákveðin tengsl eru á milli ofbeldis á heimilum og andfélagslegrar hegðunar unglिंगa, vímuefnaneyslu, þunglyndis, almennrar vanlíðunar, vændis, sjálfsviga, sjálfsvígstírauna. Sömuléiðis eru tengis á milli kynbundins ofbeldis á heimilum og kynferðislegrar misnotkunar á börnum.

Ofbeldi á heimilum hefur þau áhrif á börni að þau búa við stöðugan kvíða, ótta, reiði, stjórnmeysi, vanmátt og ringulreið í stað þess að fá öryggi og alhliða næringu. Þau þurfa jafnvel alla ævi að glíma við afleiðingar ofbeldisins bæði á líkama og sál og í samskiptum sínum við aðra. Það getur dregið verulega úr tækifærum þeirra til að njóta sín í lífinu. Þekking þeirra á venjulegu heimilslífi er talmörkuð þar sem ágreiningur er oft leystur með valdabætingu í einhverri mynd. Ofbeldismaðurinn miðar flest við sjálfan sig og er lítt sveigjanlegur meðan móðirin er svo yfirþyrmd af ofbeldinu að hjá henni er lítið öryggi og skjóli að finna. Því má segja að mörg þessara barna séu tilfinningalega heimilislaus.

Unglingar falla gjarnan inn í þann farveg sem þeir þekja fyrir, bæði varðandi kynhlutverk og samskipti

Hvað hefur Kvennaathvarfð upp á að bjóða?

- Húsaskjóli og stuðning til sjálfshjálpar
- Nafnleynd og trúnað
- Samskipti við konur með svipaða reynslu
- Stuðning við börn sem hafa búið við ofbeldi
- Viðtalsþjónustu sem konur utan Athvarfsins geta nýtt sér: Æskilegt er að pantastíma áður
- Sjálfshjálparhöp fyrir konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi
- Símapjónustu sem er opin allan sólarhringinn - sími 561 1205

Markmið samtaka um kvennaathvarf:

- 1) Að reka athvarf, annars vegar fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsi er þeim óþarflæg vegna andlegs eða líkamlegs ofbeldis eiginmanns, sambýlismanns eða annarra heiminlismanna og hins vegar fyrir konur sem verða fyrir nauðgun.
- 2) Að veita ráðgjöf og upplýsingar, efla fræðslu og umræðu um ofbeldi innan fjölskyldu, m.a. til að auka skilning í þjóðfélaginu á eðli ofbeldis og afleiðingum þess og stuðla að því að þjóðfélagið, lög þess og stofnanir verndi og aðstoði þá er slíkt ofbeldi pola.

Höfum í huga:

- Tökum virka afstöðu gegn ofbeldi
- Ofbeldi á heimili er glæpur - þau sem þjást mest eru börnin
- Ofbeldi gegn börnum kemur öllum við. Mikilvægt er að skipta sér af vakni grunur um að barn búi við ofbeldi
- Friðhelgi heimilisins nær ekki til ofbeldis
- Aðstoð við barn sem býr við ofbeldi á heimili getur skipt sköðum fyrir líf þess og líðan upp frá því
- Tökum öll virkan þátt í að búa börnum ofbeldislaust líf.

Þegar hjálpa á barni sem býr við heimilisofbeldi er mikilvægt að muna eftirfarandi:

- Ofbeldið er að öllum líkindum vel falitð leyndarmál
- Láttu barnið finna að það sé öruggt hjá þér, það geti treyst þér og að þú trúir því
- Syndu rósemi og yfirvegun í orðum og tilfinningum
- Lofaðu aðeins því sem þú getur staðið við
- Bentu barninu á að það séu til leiðir til hjálpar og að þú munir sjá til þess að barnið fái áframhaldandi aðstoð
- Leitaðu aðstoðar og samstarfs við aðra. Flýttu þér hægt þannig að stuðningurinn verði sem bestur og árangursríkastur fyrir barnið